

# Ráðstefnur og fundir

## 26.-28. maí

Reykjavík.

Árlegt þing Scandinavian Society for the Study of Diabetes.

Umsjónaraðili er Félag um innkirtlafræði.

[www.innkirtlar.org](http://www.innkirtlar.org)

## 9.-11. júní

Selfossi.

XVII. þing félags íslenskra lyflækna verður haldið á Hótel Selfossi. Allar nánari upplýsingar varðandi dagskrá, skilafrest ágrípa, herbergjapantánir, verð og svo framvegis munu birtast á heimasíðu skipuleggjanda, eftir því sem mál skýrast. Skipulagningu annast: Menningarfylgd Birnu ehf., s. 862 8031.

[birna@birna.is](mailto:birna@birna.is)

[www.birna.is](http://www.birna.is)

## 15.-16. júní

Reykjavík.

Norrænt þing um offitu - Nordic Obesity Meeting (NOM) - verður haldið á Grand hóteli. Umsjónaraðili er Félag fagfólks gegn offitu í samvinnu við systurfélög á Norður-löndunum.

[www.it-conferences.is/nom2006](http://www.it-conferences.is/nom2006)

## 27.-31. ágúst

Flórens, Ítalíu.

Frá Wonca, efnið er Towards Medical Renaissance.

[www.woncaeuropa2006.org](http://www.woncaeuropa2006.org)

## 8.-15. september

Washington og Anchorage í Alaska.

Sjöunda ráðstefna Wonca um Rural Health og ber heitið: Transforming Rural

Practice Through Education.

[www.ruralwonca2006.org](http://www.ruralwonca2006.org)

## 14.-15. september

Kirkjulundi, Kirkjuvegi 25, Reykjanesbæ.

LOFT2006 – ráðstefna um tóbaksvarnir haldin í framhaldi af fyrri ráðstefnum á Egilsstöðum, Mývatnssveit og síðast í Hveragerði 2004. Ætluð heilbrigðisstarfsfólki og öðrum áhugasömum um tóbaksvarnir og reyklaust umhverfi á vinnustöðum. Áherslur að þessu sinni verða óbeinar reykingar og reyklaustir vinnustaðir. Einnig fjallað um meðferð til reykleysis. Haldin af Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í Reykjanesbæ, í samvinnu við Landlæknisembættið, Lýðheilsustöð og Krabbameinsfélag Íslands. Skráning hefst 1. apríl 2006.

[www.congress.is/loft2006](http://www.congress.is/loft2006)

## 11.-14. október

Buenos Aires, Argentínu.

Ráðstefnan: Pursuing Equity and Efficiency in Healthcare: The Role of the Family Doctor.

[www.aamf.org.ar](http://www.aamf.org.ar)

## 5.-9. nóvember

Bangkok í Tælandi.

15. þing Asíu/Kyrrahafsdeildar Wonca undir heitinu: Happy and Healthy Family.

[www.thaifammed.org](http://www.thaifammed.org)

## 11.-15. desember

Vancouver í Kanada.

Wonca Americas Region/Family Medicine Forum, þing sem heitir: Preparing for Tomorrow.

[www.cfpc.ca](http://www.cfpc.ca)

## Frágangur fræðilegra greina

### Höfundar sendi tvær gerðir

**handrita** til ritstjórnar Lækna-  
blaðsins, Hlíðasmára 8, 201  
Kópavogi. Annað án nafna  
höfunda, stofnana og án  
þakka sé um þær að ræða.  
Greininni fylgi yfirlýsing þess  
efnis að allir höfundar séu  
samþykkir lokaformi greinar  
og þeir afsali sér birtingarrétti  
til blaðsins.

**Handriti** skal skilað með tvö-  
földu línubili á A-4 blöðum.  
Hver hluti skal byrja á nýrri  
blaðsíðu í eftirtalinni röð:

- Titilsíða: höfundar, stofnanir, lykilorð á ensku og íslensku
- Ágrip og heiti greinar á ensku
- Ágrip á íslensku
- Meginmál
- Þakkir
- Heimildir

**Töflur og myndir** skulu vera  
á ensku eða íslensku, að vali  
höfunda.

### Tölvuunnar myndir og gröf

komi á rafrænu formi ásamt  
útprenti. Tölvugögn (data) að  
baki gröfum fylgi með, ekki  
er hægt að nýta myndir úr  
PowerPoint eða af netinu.

**Eftir lokafrágang** berist allar  
greinar á tölvutæku formi með  
útprenti.

**Sjá upplýsingar** um frágang  
fræðilegra greina:

[www.laeknabladid.is/bladid](http://www.laeknabladid.is/bladid)

## Umræðuhluti

**Skilafrestur** efnis í næsta blað  
er 20. undanfarandi mánaðar  
nema annað sé tekið fram.